




Oyster Perpetual 28

Oyster, 28 mm, Oystersteel stál

**Oyster Perpetual 28 úr
Oystersteel stál með
skærbleik skífu og
Oyster keðju.**



SKÆRBLEIK SKÍFA

Verkkunnátta og hátækni fara saman

Litirnir sem voru búnir til fyrir Oyster Perpetual úrin byrja sem lakkmálning sem verður að bera nákvæmlega á í umhverfi með stýrðu andrúmslofti til að forðast ryk og önnur mengandi efni.

Lag eftir lag af lakkmálningu er borið á látúnsplötu skífunnar, alls sex lög, til að búa til jafnt og einsleitt yfirborð. Síðasta skrefið er yfirborðslökkun og þússun til að ná fram fullum ljóma og dýpt litarins. Áletranirnar eru síðan stimplaðar á og

klukkustundavísarnir og trekkjarinn eru festir á með höndunum. Skínandi og fullkomin skífan er nú tilbúin til að fara ofan á gangverkið við samsetningu úrsins.



OYSTERSTEEL

Afar polið gegn ryði

Rolex notar Oystersteel í kössum stálúra sinna. Oystersteel er sérstaklega þróað af vörumerkinu og tilheyrir 904L stálfjölskyldunni, málmblöndum sem oftast eru notaðar í hátækni- og í geim- og efnaiðnaði þar sem hámarkspól gegn tæringu er nauðsynlegt.

Oystersteel er með mikið þol, býður upp á framúrskarandi áferð eftir slípun og viðheldur fegurð sinni jafnvel í erfiðustu umhverfum.



OYSTER KEÐJAN

Fullkomin samsetning forms og virkni

Oyster keðjan er fullkomin samsetning forms og virkni, fagurfræði og tækni.

Þessi sterka og þægilega málmkeðja var sett á markað á síðari hluta 4. áratugar síðustu aldar og er með breiða, flata hlekki í þremur hlutum og er alhliða keðja í vörulínu Oyster. Hjá Oyster Perpetual módelum er Oyster keðjan með Oysterclasp.



2232 GANGVERK

Einstök frammistaða

Calibre 2232 var kynnt árið 2020 og er af nýrri kynslóð sjálftrekkjandi, vélræns gangverks sem var þróað og er framleitt eingöngu af Rolex. Það er með Syloxi fjöður úr sílíkoni, með einkaleyfi, og hefur einstaklega nákvæma tímamælingu.

Syloxi fjöðrin verður ekki fyrir áhrifum af segulsviðum og heldur stöðugleika við hitabreytingar og er allt að 10 sinnum nákvæmari en hefðbundin fjöður við högg. Lögun hennar er skráð undir einkaleyfi og tryggir stöðuga virkni í hvaða stöðu sem er.

Meira tæknileg ítaratriði

Oyster Perpetual

Tilvísunarnúmer 276200

Úrkassi módels

Gerð

Oyster, 28 mm, Oystersteel stál

Þvermál

28 mm

Efni

Oystersteel stál

Hringur

Kúptur

Oyster hönnun

Monobloc miðkassi, skrúfuð bakhlið kassa og trekkjari

Trekkjari

Skrúfuð niður, Twinlock tvöfalt vatnsvarnarkerfi

Gler

Safír með rispuvörn

Vatnspéttni

Vatnshelt við 100 metra / 330 fet

Gangverk

Gerð

Stöðugt, vélrænt, sjálftrekkjandi

Verkgerð

2232, framleiðandi Rolex

Nákvæmni

-2/+2 sek/dag, eftir umgjörð

Sveifflugjafi

Syloxi óróaafjöður úr sílikoni með búnaði sem nýtur einkaleyfis. Hágæða Paraflex höggdeyfar

Trekkja

Sjálftrekkjandi með Perpetual sjálfvindulóð í báðar áttir

Hleðsluforði

U.þ.b. 55 klukkustundir

Aðgerðir

Vísar frá miðju fyrir klukkustund, mínútu og sekúndur. Stoppar á sekúndum sem veitir nákvæman tíma

Armband

Gerð

Oyster, þriggja hluta gegnheilir hlekkir

Lás

Oysterclasp sem leggst saman með 5 mm þægilegum Easylink hlekk til lengingar

Efni í armbandi

Oystersteel stál

Skífa

Gerð

Skærbleik

Ítaratriði

Afar læsileg Chromalight lýsing með langvarandi bláum ljóma

Vottun

Gerð

Superlative Chronometer (opinber chronometer vottun + Rolex vottun eftir að úrverkið er sett í kassann)

Uppgötvaðu meira á Rolex.com

**Öll hugverkaréttindi eins og vörumerki,
þjónustumerki, viðskiptaheiti, hannanir
og höfundarréttur eru áskilin.**

Ekkert á þessu vefsvæði má afrita
nema að fengnu skriflegu leyfi. Rolex
áskilur sér réttinn til að breyta
módelunum sem eru sýnd á
vefsvæðinu.

